

1037. stjórnarfundur VR haldinn 21. desember 2009.

Formaður setti fundinn kl. 11:45.

Mættir voru: Haukur Ingi Jónasson (HIJ), Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir (GJÓ), Bjarki Steingrímsson (BS), Jóhanna Rúnarsdóttir (JR), Jón Magnússon (JM), Stefanía Magnúsdóttir (SM), Ásta Rut Jónasdóttir (ÁRJ), Kristinn Örn Jóhannesson (KÖJ), Hólmfríður Björg Petersen (HBP), Bergur Steingrímsson (Bergur), Ragnar Þór Ingólfsson (RÞI), Sigurður Sigfússon (SS), Ágúst Guðbjartsson (ÁG), Benedikt Vilhjálmsson (BV), Óskar Kristjánsson (ÓK), Þorlákur Jóhannsson.

Dagskrá

1. Samþykkt fundargerðar
2. Framgangi stjórnar.

Hlustað var á viðtal Hvítbókar við BS frá því eftir stjórnarfund þann 16. des. sl. BS afhenti bréf til stjórnarinnar og KÖJ til upplestrar. BS upplýsti um að bréfið yrði sent til trúnaðarmanna félagsins í framhaldinu. Bréfið er birt hér að neðan:

Á fundi stjórnar VR dags. 16.12.2009 lagði Sigurður Sigfússon fram eftirfarandi tillögu sem inniheldur vantrauststillögu á Bjarka Steingrímsson kt. 150772-4279 „Samkvæmt 13. gr. laga VR gegnir varaformaður skyldum formanns í forföllum hans. Forsenda þess er að trúnaðartraust ríki á milli formanns, varaformanns og stjórnarinnar. Því miður ríkir slíkt traust ekki. Núverandi varaformaður hefur ítrekað gengið gegn ákvörðunum stjórnarinnar á opinberum vettvangi og lagt sig fram um að gera störf stjórnarinnar og samstjórnenda sinna tortryggileg. Við slíkt verður ekki unað enda í bága við hagsmuni og vilja félagsmanna. Stjórn VR samþykki vantraust á Bjarka Steingrímsson sem varaformann VR og hann láti af embætti sem slíkur hér með“.

fyrir hönd meirihlutar stjórnarar sem er skipaður eftirfarandi aðilum, formaður VR Kristinn Örn, Stefanía Magnúsdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Ágúst Guðbjartsson, Jón Magnússon, Þorlákur Jóhannsson, Óskar Kristjánsson, Sigurður Sigfússon, Steinar J. Kristjánsson, Ásta Rut Jónasdóttir.

Umræddur fundur var boðaður á þann hátt, að minnihluti stjórnar VR gat á engan máta gert sér grein fyrir að nefndir aðilar ætluðu sér á einhvern hátt að leggja fram jafn afdráttarlausa og óvæga tillögu, þrátt fyrir ítrekaðar óskir um heiðarlegt fundarboð, þar sem ekki væri farið í launkofa með það, hvað til stæði að ræða og afgreiða á fundinum. Með því móti var komið í veg fyrir að minnihlutinn og varaformaðurinn gætu undirbúið málsvörn sína og undirbúið þá umræðu og afgreiðslu sem síðar kom í ljós að fundurinn snerist um. Háttalag sem þetta sæmir ekk félagi sem heitir VR og dregur nafn sitt af orðunum Virðing og Réttlæti.

Með munnlegum rökum Sigurðar sem tóku meðal annars til þess að Varaformanninum Bjarka Steingrímssyni væri ekki treystandi til að gegna skyldum formanns, eins og hann talaði t.d. í ræðu á Austurvelli þann 5. desember, 2009. Má sjá ræðuna á www.hjariveraldar.is þar sem hann gagnrýndi stjórnvöld, verkalyðshreyfinguna og ASÍ harkalega fyrir aðgerðaleysi gagnvart heimilum landsins og í kjölfarið birtist opinbert viðtal þar sem nefndur varaformaður talaði með svipuðum hætti (Má sjá á www.hvitbok.vg). Með tilliti til nefndra hluta drögum við í minnihlutanum þá ályktun, að meirihluti stjórnar VR eins og hann er nefndur, telji sig geta sett sig í dómaraæti og jafnvel í sæti löggjafavaldsins, og brotið harkalega gegn rétti stjórnarskrárvörðum rétti fólks til að tjá sig, enda er málfrelsið ein af grunnstöðum lýðræðisins og staðfest

sérstaklega í Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, til samræmis við það sem tíðkast í öðrum lýðræðisríkjum heimsins.

Það vekur sérstaka eftirtekt að nefndur Sigurður Sigfússon vitnar til þess að orð varaformanns séu í bága við hagsmuni og vilja félagsmanna án þess að frekar sé getið um hvað átt sé þar við. Þegar skoðuð er tilkynning stjórnar (sjá vef VR www.vr.is dags. 16.12.2009), er nefndur meirihluti hefur látið frá sér í nafni stjórnarinnar, án þess að tilkynningin hafi verið rædd eða skrifuð á umræddum fundi sama dag, um umrætt mál, vekur sérstaka athygli að meirihlutinn fer einstaklega frjállega með málið í skjóli valds síns og fullyrða þau sem að honum standa, að „vilji félagsmanna“ sé hafður að leiðarljósi í málinu sem og hagsmunir þeirra, þó enginn rannsókn liggja þar að baki. Með þessu verður að telja að farið sé alvarlega á svig við sannleikann og fótum troðinn réttur hins almenna félagsmanns, sem ekki hefur fengið að tjá sig í málinu.

Að framangreindu má sjá að nefndur meirihluti stjórnarinnar gerir í skjóli valds síns, alvarlega atlögu að stjórnarskrárvörðu málfrelsi varaformannsins, æru hans og trúverðugleika og í raun lýðræðinu öllu og leyfir sér þá ósvinnu að gera slíkt í nafni félagsmanna sem telja 25.000 einstaklinga, án þess að þeirra vilji eða afstaða hafi verið könnuð með nokkrum hætti. Verður að fordæma þessa dæmalaus framgöngu meirihlutans.

Rétt er að ítreka að hin efnislega deila milli meiri- og minnihluta stjórnarinnar, hefur aðallega snúist um aðgengi að upplýsingum um meðferð fjármuna VR, en þar hefur minnihlutinn óskað eftir upplýsingum og skýringum um ýmis atriði, en meirihlutinn hefur einarðlega lagst gegn því að mál verði skoðuð og skýrð. Hafa fulltrúar meirihlutans gengið svo langt í þessu efni, að þeir hafa lagt fram og fengið samþykktar sérstakar leiðbeiningarreglur í miðstjórn ASÍ, þar sem m.a. er takmarkað aðgengi stjórnarmanna verkalýðsfélaga að bókhaldsgögnum félaganna og einnig miða þær reglur að því að banna umfjöllun um „minni háttar“ fjármálamisferli sem upp kunna að koma í verkalýðsfélögum. Verður ekki annað séð en að með þessu sé meirihluti stjórnar VR og miðstjórn ASÍ að vega að lögbundnum starfsskyldum og réttindum stjórnarmanna í verkalýðsfélögum í landinu, að því er virðist í þeim eina tilgangi að fela spillingu og óstjórn í meðferð fjármuna þeirra.

Áður en ég mun fara lengra með mál þetta í samráði við lögmann minn, vil ég gera að tillögu minni að áðurnefndur meirihluti stjórnar dragi ummæli sín um mig til baka og viðurkenni að atburðarás sú sem af stað fór að þeirra frumkvæði er fyrst og fremst unnin til að reyna tryggja þeirra stjórnartauma yfir félaginu okkar, VR félagsmanna.

Virðingarfyllt,

Bjarki Steingrímsson

Fyrirverandi varaformaður VR

Umræður

KÖJ las upp bókun sína:

Þegar stjórn VR skipti með sér verkum í apríl s.l. að undangengnum allsherjarkosningum í félaginu um formann, þrjú stjórnarsæti í einstaklingskjöri og fjögur stjórnarsæti í listakjöri (ásamt 82 manna trúnaðarráði), óskaði nýkjörinn formaður eftir tilnefningum til embættis varaformanns. Tvær tilnefningar bárust, önnur um Bjarka Steingrímsson (BS) – einn af L-listamönnum og um Stefaníu Magnúsdóttur (SM) sitjandi varaformann frá fyrra tímabili. Var BS kjörinn með eins atkvæðis mun og réði atkvæði formanns úrslitum.

BS hefur síðan launað traustið með því gera nær allar stjórnarathafnir tortryggilegar með aðdróttunum, rangfærslum og dylgjum, bæði opinberlega og með lágkúrulegum póstsendingum til samstjórnarmanna sinna. Sömuleiðis hefur hann sakað meðstjórnendur sína um vísitandi blekkingar og sett fráleitar ásakanir um að stjórnin sveipi leyndarhjúpum um störf sín og félagsins. Ljóst er að ekki var unað lengur við slíkt enda ber varaformanni að sinna skyldum formanns félagsins ef svo færi að hann forfallaðist. Voru gerðar ítrekaðar, en árangurslausar, tilraunir til að fá BS til að haga vinnubrögðum sínum með þeim hætti að varaformanni væri sæmandi, að þær væru ekki meiðandi gagnvart samstjórnarmönnum og starfsfólki VR.

Er tillaga um vantraust á Bjarka Steingrímsson var borin fram, var svo komið að hann naut aðeins fullkomins trausts og stuðnings tveggja stjórnarmanna af þeim sex sem náðu kjöri með honum undir formerkjum L-listans. Í stað BS sem varaformanns var stungið upp á Ástu Rut Jónasdóttur, en hún hafði verið ábyrgðarmaður L-listans í kosningunum. Var hún kjörin samhljóða af þeim 11 stjórnarmönnum sem voru viðstaddir. Áður höfðu Bjarki, Ragnar Þór og Guðrún Jóhanna yfirgefið fundinn.

Á það skal bent að Bjarki Steingrímsson og aðrir stjórnarmenn VR hafa fullt frelsi til skoðana sinna og lýðræðislegan rétt til að greiða atkvæði innan stjórnar samkvæmt þeim. Sömuleiðis hafa þeir fullt frelsi til að láta í ljósi persónulegu skoðanir sínar opinberlega en skulu þá tryggja með óyggjandi hætti að þeir séu ekki að tala í nafni stjórnar VR.

BS hefur ítrekað reynt að gefa í skyn að formaður VR ásamt þremur nýjum stjórnarmönnum og sjö öðrum stjórnarmönnum standi í vegi fyrir skoðun hans á fjármálum VR. Er það alrangt. Formaður VR bauð Bjarka upp á að fá óháðan endurskoðanda, þess vegna þann sem Bjarki hefur gert að sérlegum endurskoðanda sínum, til að gera stikkprufu á bókhaldi félagsins að sameiginlegri forskrift þeirra beggja og skyldu niðurstöðurnar birtar opinberlegar óháð útkomu. Því hafnaði Bjarki.

Síðan þá hefur BS barist hart fyrir því að tiltekinn endurskoðandi sem hann valdi fái aðgang að bókhaldi félagsins og hefur hafnað öllum tillögum um að stjórn félagsins kæmi sér saman um óháðan endurskoðanda. Hvar er viljinn til gagnsæis þar?

Þrátt fyrir skoðun BS á bókhaldi allt aftur til 1999 og fundargerðum félagsins hefur hann ekki komið með neitt á borð fyrir stjórn (sbr. samþykktar verklagsreglur þar að lútandi). Stjórn VR hefur því hvorki gefist tækifæri til að „hafna“ nokkrum opinberunum úr bókhaldi né samþykkja. Aðdróttanir BS um blekkingar og hylmingar eru því gersamlega tilhæfulausar. Hinsvegar kveða verklagsreglurnar skýrt á um vinnubrögð stjórnarinnar og skyldur til upplýsingagjafar og er engin ástæða til að ætla að nokkur innan stjórnarinnar hafi nokkuð að fela eða hagsmuni af slíku, þá allra síst formaður og þeir stjórnarmenn sem tóku sæti á sama tíma og BS. Sömuleiðis tryggja ofangreindar reglur enn frekar aðgang stjórnarmanna að bókhaldsgögnum á sama tíma og ákvæði um meðferð persónugreinanlegra gagna eru virt.

Kristinn Örn Jóhannesson

Umræður

BS las þá upp bókun sína:

„Það eru veruleg vonbrigði og um leið og ég fer fram á að formaður geri mér á vef VR skriflega grein fyrir að fyrirspurn minni frá 05.10.2009 sem send var í tölvupósti „Í farmhaldinu óska ég eftir frekari útskýringum á texta þeim er rauðlitaður er. Því þarna er verið að rugla saman, almennum gögnum verkalýðsfélags við bókhaldsgögn sem hafa ekkert með persónugreinanlegar upplýsingar félagsmanna að gera. Eins óska ég eftir frekari útskýringu á hvaða almennu reglum þú vísar til sem og rökfærslu varðandi lög og

reglur VR um trúnaðarskyldu gagnvart meðferð á fjármunum félagsins. Sem og reglum félagsins um gjafir og risnukostnað sem og reglum um greiðslur á ferðakostnaði”

Ofangreindri tilvísun svaraði formaður VR mér skriflega þann 05.10. 2009 á eftirfarandi hátt “Geri það að tillögu minni að svör við þessu verði tekin saman og veitt á næsta reglulega stjórnarfundum þann 14.10. n.k.

Afstaða mín er og hefur verið sú sama frá upphafi.

Hafa engin gögn/svör borist, hvorki á fundum stjórnar né á annan sannarlegan hátt, þrátt fyrir skriflegt lof um annað.

Bjarki Steingrímsson

SM vill benda á í gögnum stjórnarmanna frá síðasta stjórnarfundum sé bréf frá starfsmönnum VR, las það upp þar sem það var ekki tekið fyrir á þeim fundum.

Umræður

BS les upp bókun:

„Ég harma að formaður VR Kristinn Örn, skuli ekki leggja fram fullnaðargögn þau er svara fyrirspurn Ágústs Guðbjartssonar frá því í Maí 2009, er varða nefndir, ráð og þann kostnað er félagið greiðir vegna þeirra, samkvæmt tölvupósti sem mér barst frá formanni VR, telur hann að málið sé afgreitt þar sem hann hafi útskýrt fyrir Ágústi fyrirspurnina, en stjórn VR hefur á einhvern óútskýranlegan hátt ekki verið svarað þrátt fyrir loforð um annað.

Bjarki Steingrímsson

3. Önnur mál

ÁRJ lagði fram tillögu: Tillaga um birtingu lögfræðialits og álit siðfræðings.

Lagt er til að lögfræðialit og álit siðfræðings v/ s.k. „skuggapósta“ sem lögð voru fyrir á stjórnarfundum VR 19. ágúst 2009 og greinargerð varðandi siðferðileg álitamál tengd yfirlýsingum stjórnarmanna VR um félagið og stjórn þess á opinberum vettvangi dags. 15. desember og lagt var fyrir á stjórnarfundum VR 16. desember og sent stjórnarmönnum í tölvupósti 20. desember verði birt á heimasíðu VR.

Umræður

Tillagan samþykkt með 8 atkvæðum gegn 1

ÁG lagði fram tillögu um að útbúin yrði „lífskjaratafla VR“

SS kom með tillögu um að haldinn yrði upplýsinga/umræðu/félagsfundur í byrjun janúar. Samþykkt að skoða.

Fundi slitið 13:15.

Fundargerð ritaði Helga Árnadóttir